



Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 23. mars 2017
UST201703-051/B.S.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - fiskeldi að Núpsmýri í Öxarfirði. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 7. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað er að stækka eldisrými og auka framleiðslu fiskeldisins úr 1600 tonnum af laxi árlega í 3000 tonn. Fram kemur í greinargerð að framleiðslan muni fara fram með svipuðum hætti og hingað til. Framleiðsla frá árinu 2010 – 2016 hefur mest farið í rúmlega 1000 tonn og framleiðsla hefur tvö ár verið innan við 700 tonn.

Umfang og eðli framkvæmdarinnar

Eins og fram kemur í greinargerð er hér um langstærsta landeldi laxfiska á Íslandi. Eftir stækkun mun starfsemin verða meðal þeirra stærstu sinnar tegundar í heiminum. Stöðin hefur vissa sérstöðu hvað varðar losun í viðtaka sem er ferskvatn. Eins og fram kemur í greinargerð eru því gerðar sambærilegar kröfur til fiskeldis við Núpsmýri og seiðaeldisstöðvar sama eiganda í Ölfusi þar sem umfang starfseminnar er lítið samanborið við stöðina við Núpsmýri. Því telur Umhverfisstofnun mikilvægt að skoðað verði nánar hvernig best verði staðið að jafn umfangsmikilli starfsemi eins og fyrirhuguð er við Núpsmýri þannig að lagt verði mat á umhverfisáhrif framkvæmdarinnar t.d. á viðtakann. Skoða ætti því við mat á umhverfisáhrifum þá möguleika sem fyrir hendi eru til að farga eða endurnýta þann úrgang sem til fellur við fiskeldið í stöðinni. Stöðin við Núpsmýri er staðsett skammt austan Brunnár og um 1 km sunnan við ós árinna. Umhverfisstofnun telur með hliðsjón af fyrirhuguðu umfangi eldisins að skoða eigi þol þeirra viðtaka sem til greina kemur að losa úrgang í og hvort unnt sé að hreinsa föst næringarefní úr frárennsli með árangursríkari hætti en gert hefur verið til þessa. Umhverfisstofnun telur að skoða þurfi þá valkosti sem til greina koma við losun úrgangs miðað við umfang eldins.

Mengunarvarnir

Eins og fram kemur í greinargerð voru í upphaflegu starfsleyfi eldisstöðvar við Núpsmýri sett skilyrði um annars stigs hreinsun. Til að uppfylla þessi skilyrði var grafið fyrir tveimur settjörnum við stöðina. Tjarnirnar hafa aðeins einu sinni verið tæmdar eða árið 2005. Reyndist sú aðgerð erfið og kostnaðarsöm að mati rekstraraðila. Síðan þá hafa settjarnir ekki verið tæmdar með þeim hætti sem kveðið er á um í starfsleyfi og eru nú eins og fram kemur í greinargerð „löngu hættar að þjóna tilgangi sínum.“ Ekki hefur enn fundist aðferð til að hreinsa og veita úrgangi í viðtaka.

Gera þarf grein fyrir því hvernig starfsemin kemur til með að uppfylla lög og reglugerðir, má þar nefna reglugerð um fráveitur og skólp og lög um stjórn vatnamála.

Einnig þarf að gera grein fyrir því hvernig fyrirtækið hyggst mæla og vakta umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, t.d. með súrefnismælingum í viðtaka (ósnum) og vöktun á uppsöfnun lífrænna efna.

Umhverfisstofnun vill benda á að framleiðsla frá árinu 2010 – 2016 hefur mest farið í rúmlega 1000 tonn og framleiðsla hefur tvö ár verið innan við 700 tonn. Stofnunin hefur því efasemdir um að mælingar mengunarefna í viðtaka árin 2011-2013 hafi forspárgildi varðandi þol viðtaka þegar að þefoldun framleiðslunnar kemur. Í greinargerð kemur fram að framkvæmdaaðili áætli að losa úrgang frá stöðinni fullbyggðri í ós Brunnár án þess að nota settjarnir til að fella út föst efni úr frárennsli stöðvarinnar.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur líklegt að með aukinni framleiðslu í stöðinni að Núpsmýri í allt að 3000 tonna framleiðslu árlega gæti framkvæmdin eins og hún er kynnt í greinargerð haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Hér er um að ræða framleiðslu á þrefalt meira magni af laxi en framleitt hefur verið í stöðinni til þessa. Umhverfisstofnun telur að skoða þurfi aðra valkosti en þann eina valkost framkvæmdaaðila sem nefndur er í tilkynningarskýrslu varðandi losun úrgangs frá eldinu. Einnig þarf að leggja mat á þol viðtakans og þol viðtaka og kanna hvort aðrar aðferðir komi til greina þar á meðal endurnýting úrgangsins.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymissjóri